

ÁLYKTUN RÁÐSINS**frá 26. september 1989****um þróun í starfsemi undirverktaka í bandalaginu****(89/C 254/01)**

RÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,
með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Hinn 3. nóvember 1986 samþykkti ráðið ályktun um aðgerðaáætlun um lítul og meðalstór fyrirtæki og í júlí 1989 ákvörðun um bætтар aðstæður í fyrirtækjarekstri til að efla þróun fyrirtækja, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja í bandalaginu.

Í kjölfar orðsendingar um fyrirtækjastefnu í bandalaginu og um „styrkara samstarf milli fyrirtækja í Evrópu: svar við innri markaði 1992“, hefur framkvæmdastjórnin sent ráðinu orðsendingu um þróun í starfsemi undirverktaka í bandalaginu.

Fyrirtæki eru markvisst farin að notfæra sér starfsemi undirverktaka og er það liður í þeirri stefnu að nýta í auknum mæli utanaðkomandi krafta.

Með tilkomu innri markaðarins 1992 munu fyrirtæki fá fleiri markaðstækifæri og þá geta þau nýtt á kerfisbundinn hátt starfsemi undirverktaka í öðrum löndum og það flýtir, með aukinni samkeppni innan bandalagsins, fyrir skipulagsbreytingum í samskiptum við undirverktaka.

Bætтар aðstæður í fyrirtækjarekstri er mikilvæg forsenda fyrir þróun í starfsemi undirverktaka milli landa.

Aðgangur að réttum og mikilsverðum upplýsingum og aukin boðskipti eru mjög mikilvæg til að koma á samskiptum undirverktaka milli landa.

Aðlögun að nýjum samkeppniskröfum hefur í för með sér breytingu á samskiptum milli aðalverktaka og undirverk-

taka og krefst þess að báðir aðilar leggi sitt af mörkum, einkum að því er varðar fyrirkomulag verktöku, samningsgerð, aðlögun að nýrri tækni og þróun í þá átt að hafa sem breiðastan hóp viðskiptavina.

SÝNIR ÁHUGA á aðgerðum framkvæmdastjórnarinnar hingað til, einkum að því er varðar eflingu starfsemi undirverktaka milli landa;

SKORAR Á framkvæmdastjórnina, í samráði við aðildarríkin, að sjá um, eiga frumkvæði að og samræma ráðstafanir í því skyni að skapa hagstæð skilyrði fyrir starfsemi undirverktaka;

HVETUR TIL, sem viðbót við núverandi starfsemi í aðildarríkjunum, frumkvæðis til að bæta streymi upplýsinga og boðskipta milli aðalverktaka og undirverktaka, einkum áframhaldandi vinnu við fagheiti á einstökum sviðum á mörgum tungumálum og endurbætur á kerfi til að leita að meðeiganda í fyrirtæki;

KEMUR AUGA Á þann möguleika að stofna evrópska upplýsingamiðstöð fyrir starfsemi undirverktaka og óskar eftir að framkvæmdastjórnin haldi áfram starfi sínu í náiinni samvinnu við hlutaðeigandi fagfélög og aðildarríkin;

LEGGUR ÁHERSLU Á mikilvægi þess að koma á meira jafnvægi í samskiptum aðalverktaka og undirverktaka og efla starfsemi evrópska undirverktaka í fyrirtækjum þriðju landa;

TELUR að gera ætti endurbætur á lagamma fyrir starfsemi undirverktaka, t.d. með nákvæmri athugun á vandamálum varðandi greiðslufresti, og að athuga skuli vandlega einstök atriði sem snerta opinbera samninga;

ÓSKAR EFTIR að því verði tilkynnt um framvindu starfs framkvæmdastjórnarinnar varðandi þróun í starfsemi undirverktaka í bandalaginu.